

BÓKUN 17
VARÐANDI 34. GR.

1. Ákvæði 34. gr. samningsins skulu ekki koma í veg fyrir að samningsaðilar samþykki löggjöf eða beiti neinum þeim ráðstöfunum sem varða aðgang þriðja lands að mörkuðum þeirra.

Farið skal með löggjöf á sviði sem samningurinn tekur til í samræmi við þá málsmeðferð sem mælt er fyrir um í samningnum og samningsaðilum ber að kappkosta að starfa í samræmi við samsvarandi reglur EES.

Samningsaðilum ber í öllum öðrum tilvikum að upplýsa sameiginlegu EES-nefndina um ráðstafanirnar og leitast við, eftir því sem þörf krefur, að samþykkja ákvæði er tryggji að ráðstafanirnar séu ekki sniðgengnar á yferráðasvæðum annarra samningsaðila.

Ef ekki tekst að komast að samkomulagi um slíkar reglur eða ákvæði getur hlutaðeigandi samningsaðili gripið til ráðstafana sem nauðsynlegar kunna að reynast til að koma í veg fyrir sniðgöngu.

2. Þegar skilgreint er hverjir eigi að njóta þeirra réttinda sem leiða af 34. gr. gildir I. bálkur almennu áætlunarinnar um afnám hafta á staðfesturétti (Stjtið. EB nr. 2, 15.1. 1962, bls. 36/62) með sömu réttaráhrifum og innan Bandalagsins.